



Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhús

1. september – 22. október 2006

Um Pakkhús postulanna

Nafn þessarar sýningar vísar til uppvaxtarskilyrða þeirra sem voru táningar á síðasta ártug síðustu aldar og vaxa úr grasi við aldamót. Tíðarandi mótunaráranna er það sem bindur saman fjölbreytileg verk þeirra. Síðari hluti níunda áratugarins og tíundi áratugurinn, þar sem vísir að neðanjarðar dansmenningu skaut rötum hér á landi meðal annars undir nafninu Pakkhús postulanna. Þátttakendur í „Reifmenningunni“ héldu ólöglegar dansskemmtanir í skemmum eða yfirgefnum húsum þar sem tjaldað var til danstónleika til einnar nætur og aldrei tvisvar á sama stað.

Nafn sýningarinnar vísar til þessa tíðaranda. Ætlunin er að yfirtaka Listasafn Reykjavíkur um tíma og sýna verk sem myndast vegna átaka við innra og ytra umhverfi á hverjum stað. Við viljum tengja myndlistarverkin og andrúmsloft sýningarumhverfisins saman, brjóta upp ramma Hafnarhússins í vinalegum átökum og skapa nýtt andrúmsloft: bækistöð, geim, borðpall, borpall, námu, nýlendu þar sem alltaf eru „fríminútur.“ Þetta er hugsað sem umbreytingarástand fólks með fullþroskaða orku sendiboðans Hermesar að vopni. Hraðsendiboðans sem stoppar stutt við á hverjum stað, leikur listir sínar og heldur svo för sinni áfram.

Daníel Karl Björnsson og Huginn Þór Arason, sýningarstjórar.

Um postulana:

A- salur

Verkin í A-sal eru umgjörð og hluti af gjörningum sem fara fram á auglýstum tímum, sjá bakhlíð.

Klof

Magnús Árnason, f. 1977

Magnús lauk MFA námi frá Listaakademíunni í Vínarborg, Austurríki árið 2003. Síðan hefur hann haldið fjórar einkasýningar í Reykjavík og tekið þátt í fjölda gjörninga, samsýninga og tónleika hér á landi og víðar.

Lekandi leikhús

Ingibjörg Magnadóttir, f. 1974 og Kristín Eiríksdóttir, f. 1981

Ingibjörg stundaði nám við Listaháskóla Íslands á árunum 1996 - 2000 en var gestanemi við Konunglegu Listaakademíuna í Kaupmannahöfn árið 1999. Hún stundaði framhaldsnám við Figurative Teater Skolen í Fredriksstad, Noregi 2001–2002. Kristín nam myndlist við Tekniske skole í Kaupmannahöfn 2001–2002, stundaði nám við Listaháskóla Íslands 2002 – 2005 og var gestanemi við Weissense Konsthochschule í Þýskalandi 2004. Kristín hefur gefið út tvær ljóðabækur. Báðar hafa Ingibjörg og Kristín haldið einkasýningar og tekið þátt í samsýningum hér á landi og erlendis. Sameiginlega hafa þær unnið gjörninga sem sýndir hafa verið bæði í sýningarsólum og leikhúsum.

Stúka Hitlers

Ragnar Kjartansson, f. 1976

Ragnar stundaði BFA nám við Listaháskóla Íslands 1997 - 2001 og var gestanemi við Listaakademíuna í Stokkhólmi árið 2000. Ragnar hefur haldið átta einkasýninga á Íslandi og í Svíþjóð og tekið þátt í fjölda samsýninga, meðal annars sýningu Listahátíðar 2005.

Gangur

Reimleikar í rangölum hugans

Hrafnhildur Arnardóttir, f. 1969

Hrafnhildur stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1989 – 1993 og var gestanemi við Academy of Fine Arts í Helsinki 1992. Hún lauk MFA námi við School of Visual Arts í New York árið 1996. Einkasýningar Hrafnhildar eru fjórar bæði á Íslandi og í Bandaríkjunum. Hún hefur tekið þátt í fjölda samsýninga og gjörninga og upptökur eru fjölmargar bæði á Íslandi og í New York þar sem hún býr og starfar.

B - salur

Tribal TV (Future Crash II)

Ásdís Sif Gunnarsdóttir, f. 1976

Ásdís lauk BFA námi við School of Visual Arts í New York árið 2000 og meistaraþrófi frá University of California, Los Angeles árið 2004. Hún hefur haldið tvær einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga innanlands og utan. Ásdís syndi verk sín í Listasafni Reykjavíkur - Ásmundarsafni 2004.

Anabolism/Aðlífun

Sirra Sigrún Sigurðardóttir, f. 1977

Sirra Sigrún lauk BFA námi við Listaháskóla Íslands árið 2001 og stundaði listfræðinám við Háskóla Íslands, 2003–2004. Hún hefur haldið fjórar einkasýningar hér á landi, meðal annars í Kling og Bang 2005 og tekið þátt í fjölda samsýninga hérlandis og erlendis.

C - salur

Innbú Óla og Lokbrá, fjallagarður okkar

Davíð Örn Halldórsson, f. 1976 og Sigga Björg Sigurðardóttir, f. 1977

Davíð Örn lauk BFA námi frá Listaháskóla Íslands 2002 og var gestanemandi við Academie Royale des beaux-arts de Liege í Belgíu árið 2001. Hann hefur haldið nokkrar einkasýningar hér á landi síðustu ár og tekið þátt í fjölda samsýninga víða um land. Sigga Björg lauk BFA námi við Listaháskóla Íslands árið 2001 og MFA námi frá Glasgow School of Art árið 2004. Hún hefur haldið þrjár einkasýningar hér á landi og tekið þátt í fjölda samsýninga og haldið einkasýningar erlendis. Sigga Björg býr og starfar í Glasgow. Þetta er fyrsta samstarfsverkefni þeirra Davíðs Arnar og Siggu Bjargar.

National Geographic

Helgi Þórsson, f. 1974

Helgi nam tónlist við Konunglega Conservatorium Den Haag árið 1998 en myndlist við Gerrit Rietveld Akademiúnni, Amsterdam 1999 – 2002 og lauk MFA námi við Sandberg Institute, Amsterdam árið 2004. Helgi hefur haldið fjórar einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga bæði hérlandis og erlendis.

D - salur

Aðlögun

Björk Guðnadóttir, f. 1969

Björk stundaði myndlistarnám við Atelier Hourdé í Frakklandi 1993–1994, við Listakademiuna í Osló 1994–1995, Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1996 og lauk MFA gráðu frá Listaháskólanum í Umeå, Svíþjóð árið 1999. Björk hefur tekið þátt í fjölmörgum samsýningum og haldið

einkasýningar bæði heima og erlendis m.a. í Listasafni Reykjavíkur – Kjarvalsstöðum 2004 og í Nýlistasafninu 2006.

Dagskrá:

Gjörningar:

Föstudag 1. september kl. 20

Undirvitundargjörningur. Ingibjörg Magnadóttir og Kristín Eiríksdóttir

Laugardag 9. september kl. 16

Magnús Arnason

Laugardag 16. september kl. 16

Undirvitundargjörningur. Ingibjörg Magnadóttir og Kristín Eiríksdóttir

Laugardag 23. september kl. 16

Magnús Arnason

Laugardag 30. september kl. 16

Afríski kvenpresturinn hittir Shivu. Ingibjörg Magnadóttir og Kristín Eiríksdóttir

Laugardag 7. október kl. 16

Magnús Arnason

Laugardag 14. október kl. 16

Afríski kvenpresturinn hittir Shivu. Ingibjörg Magnadóttir og Kristín Eiríksdóttir

18. september – 15. október kl. 14 – 17

Ragnar Kjartansson

Sýningarstjóraspjall

Sunnudag 3. september kl. 15

Sýningarstjórararnir Daníel Björnsson og Huginn Þór Arason taka þátt í leiðsögn um sýninguna

Listamannaspjall

Sunnudag 10. september kl. 15

Leiðsögn með þátttöku myndlistarmannanna Siggú Bjargar Sigurðardóttur og Davíðs Arnar Halldórssonar

Listamannaspjall

Sunnudag 24. september kl. 15

Leiðsögn með þátttöku myndlistarmannanna Sirru Sigrúnar Sigurðardóttur og Ásdísar Sifjar Gunnarsdóttur

Listamannaspjall

Sunnudag 15. október kl. 15

Leiðsögn með þátttöku myndlistarmannanna Helga Þórssonar og Bjakar Guðnadóttur

Hádegisleiðsögn

Föstudagana 8. og 22. september og 6. og 20. október - kl. 12

Stutt hádegisleiðsögn og tilboð í kaffiteríu

Málþing

Laugardag 7. október

Umræður um sýninguna Pakkhús Postulanna með þátttöku sýningarstjóra, listamanna og fræðimanna